**10. Fundur í framkvæmdanefnd Þjóðkirkjunnar 15. maí 2023**

Fundarmenn: Axel Árnason Njarðvík, Árni Helgason, Birgir Gunnarsson og Einar Már Sigurðarson.

Fundur hófst kl. 9:00.

**Dagskrá:**

1. **Rekstur þjónustumiðstöðvar og fjármál Þjóðkirkjunnar**
   a. BG kynnti launatölur fyrstu fjögurra mánaða ársins og fóru fram umræður um þær.
2. **Fasteignamál:**
   a. **Samningur um hitaveiturannsókn á Borg á Mýrum**
   BG lagði fram drög að samningi við Veitur ohf. um hitaveiturannsókn á Borg á Mýrum og fóru fram umræður um málið. Ákveðið að Rekstrarstofa skuli kanna nánar hvort samningurinn sé háður samþykki Kirkjuþings.
   b. **Sala á útihúsum í Reykholti**
   BG upplýsti að gengið hafi verið frá kaupsamningi um útihúsin í Reykholti. Ákveðið að Rekstrarstofa skuli kanna nánar hvort samningurinn sé háður samþykki Kirkjuþings.
3. **Önnur mál**
   a. AÁN lagði fram bréf frá Kjaranefnd um umfang starfa framkvæmdanefndar. Ákveðið að AÁN svari bréfinu eftir að hafa sent það á aðra nefndarmenn til yfirlestrar.
   b. [Fært í trúnaðarbók]
   c. Umræður fóru fram um samningaviðræður varðandi skógrækt í landi Saurbæjar.
   d. ÁH bar fram tillögu um breytingu á skráningu Þjóðkirkjunnar í Fyrirtækjaskrá. Rekstrarstofu falið að ganga frá réttri skráningu.

Fundargerð var lesin upp og hún samþykkt samhljóða. Fleira var ekki gert og var fundi slitið kl. 10:10.

Fundarritari: Eiríkur Guðlaugsson, lögmaður Rekstrarstofu.